

AUGLÝSING

**um breytingu á Norðurlandasamningi um félagslegt öryggi
frá 15. september 1955.**

Með orðsendingaskiptum milli utanríkisráðherra Dana og sendiherra Íslands, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar í Kaupmannahöfn hefur verið formlega gengið frá þeirri breytingu á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 15. september 1955 um félagslegt öryggi, að niður er felld 3. mgr. 17. gr. sammingsins.

Samkomulag þetta tók gildi hinn 1. janúar 1974.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. janúar 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 3.

24. janúar 1974.

AUGLÝSING

**um gildistöku samkomulags um breytingu á Norðurlandasamningnum
frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði
um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.**

Með skírskotun til auglýsingar nr. 26/1973 er almenningi hér með gert kunnugt, að hinn 1. janúar 1974 gekk í gildi samkomulag það, sem undirritað var í Stokkholmi hinn 20. nóvember 1973, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. janúar 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 4.

1. mars 1974.

AUGLÝSING

um samkomulag milli Íslands og Danmerkur varðandi landanir á síld.

Með orðsendingaskiptum milli sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn og danska utanríkisráðuneytisins hinn 26. nóvember 1973 og 21. febrúar 1974 hefur verið gert samkomulag milli Íslands og Danmerkur um síldarlandanir.

Samkomulagið er af hálfu Dana háð þeim skilyrðum m. a. að virtar séu reglur er leiða af aðild Danmerkur að Efnahagsbandalagi Evrópu, þ. á m. viðvíkjandi flokkun, verðlagningu o. fl., svo og skal á tímabilinu 15. júní til 31. júlí einungis landa sild veiddri vestan línu er hugsast dregin milli Hanstholm- og Lindesnæs-vita.

Samkomulag þetta gildir til 31. desember 1974.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 1. mars 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 5.

30. apríl 1974.

AUGLÝSING

um gildistöku alþjóðasamnings um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum.

Með skírskotun til auglýsingar nr. 16/1973 er almenningi hér með gert kunnugt, að hinn 7. apríl 1974 gekk í gildi alþjóðasamningur, er gerður var 15. febrúar 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum, en um hann var fjallað í ofangreindri auglýsingu.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. apríl 1974.

Einar Ágústsson.

Pétur Thorsteinsson.

Nr. 6.

30. apríl 1974.

AUGLÝSING

um samninga og yfirlýsingar Íslands, er varða vegabréfsáritanir fyrir ferðamenn.

1. Gagnkvæmt afnám vegabréfa: Danmörk, Finnland, Noregur, Svíþjóð.
2. Gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana miðað við 2—3 mánaða dvöl: Austurríki, Bahama, Barbados, Belgía, Brasilía, Bretland (þ. á m. eftirtalдар breskar nýlendur og landssvæði: Hong Kong, Bermúda-eyjar, Turks- og Caicos-eyjar, Caymaneyjar, Leeward-eyjar (Antigua, St.Kitts-Nevis, Anguilla, Montserrat og Virgin-eyjar), Windward-eyjar (Dominica, Grenada, St. Lucia og St. Vincent-eyjar), Breska Hondúras, St. Helena, Falklandseyjar, Vestur-Kýrrahafseyjar (Gilbert- og Ellice-eyjar og Bresku Soloman-eyjar), Brunei, Seychelles-eyjar, Gíbraltar og New Herbrides), Búlgaría, Chile, Fíji, Frakkland, Gambía, Grikkland, Guyana, Holland, Írland, Ísrael, Ítalía, Jamaíca, Japan, Júgóslavía, Kanada,